

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í sveitarféla Strandabyggð. Um meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð fer samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, laga nr. 7/1 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Markmið.

Markmið samþykktarinnar er:

- a. að lágmarka magn úrgangs sem fer til förgunar með því að draga úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu;
- b. stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfi;
- c. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs;
- d. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur; og
- e. að úrgangur verði einungis meðhöndlaður í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélagsins.

Horft verður til úrgangspriyrningsins í meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsforvarnir mengunarbótareglan höfð að leiðarljósi við ákvörðun gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

3. gr.

Umsjón og eftirlit.

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar sem fer með ákvörðunarvald í málefnum er v meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.

Meðhöndlun úrgangs er háð eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða eða Umhverfis- og orkustofnunar, eftir því við á, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt þessa.

Framkvæmdaraðili, í samræmi við ákvæði starfsleyfis, ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og til þess að reknar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

4. gr.

Almenn ákvæði.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á sínu svæði og samskiptum við aðila sem tengjast þeim viðfangsefnum. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þátt meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa, eftir atvikum, staðfesta skráningu eða starfsleyfi frá Heilbrigðiseft Vestfjarða eða Umhverfis- og orkustofnun eftir því sem við á.

Sveitarstjórn ákveður tíðni söfnunar úrgangs. Strandabyggð hefur eftirlit með því að framkvæmd úrgangsmála í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og hefur reglulega samráð við framkvæmdaraðila söfnunar um leiðir til bæta þjónustu og auka árangur í málaflokknum.

Sveitarstjórn sér til þess að leiðbeiningar um flokkun og meðferð úrgangs, móttöku hans, endurnýtingu og förgun séu aðgengilegar t.d. á heimasíðu sveitarfélagsins. Sorphirðudagatal er gefið út í byrjun hvers árs þar sem fram ke hvenær blandaður heimilisúrgangur, endurvinnanlegur úrgangur, þ.e. pappír, pappi og plast, og lífúrgangur er hirtu heimilum. Strandabyggð getur heimilað frávík frá áætlun vegna sérstakra aðstæðna.

5. gr.

Söfnun heimilisúrgangs.

Húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu meðferð úrgangs og endurvinnslu efna sem Strandabyggð ákveður hverju sinni. Sorpílát við hús skulu geymd á ei stað en ekki dreift um lóð.

Söfnun skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss, lögaðila eða lögbýlis. Heimilt er að verða við ós fasteignareigenda um sameiginleg ílát innan lóðar og fer samþykki eftir lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Hvert íbúðarhúsnæði í þéttbýli og hvert lögheimili í dreifbýli í Strandabyggð skal vera sorptunna fyrir blandað heimilisúrgang og sorptunnur fyrir endurnýtingarflokka, þ.e. pappír, pappa og plast. Við íbúðarhúsnæði í þéttbý einnig ílát fyrir lífúrgang. Heimajarðgerð er þó heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveð skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Húsráðendur skulu tryggja góða umgengni vegna úrgangs og skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur bera ábyrgð á þeim ílátum sem þeim eru ætluð vegna sorphirðu við heimili. Sorpílátum skal koma fyrir aðgengilegum stað og þau fest tryggilega. Gæta ber þess að auðvelt sé fyrir starfsmenn sorphirðu að losa íláti festingum. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá ílátum og halda greiðfærri leið að þeim. Sé ekki greiðfær leið að íláti þá er framkvæmdaraðila heimilt að sleppa losun í það skipti.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur til við heimilishald í samræmi við ná fyrirmæli sem kunna að vera sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta spilliefni, rúmfrekan garðaúrg jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma sem ætluð eru fyrir heimilisúrgang. Þann og að úrgang eiga húsráðendur að losa á þar til greindan móttökustað sveitarfélagsins. Það á t.d. við um ýn byggingarúrgang, úr sér gengin húsgögn og raftæki.

Séu sorpílatin full getur húsráðandi farið með umframmagn heimilisúrgangs, endurvinnanlegan úrgang lífúrgang á móttökustöð framkvæmdaraðila. Gæta skal þess að yfirfylla ekki sorpílatin þannig að hægt sé að þeim. Blandaðan heimilisúrgang sem ekki rúmast í íláti skal húsráðandi losa á móttökustöð framkvæmdaraðila greiða fyrir það gjald samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins.

Af ílátum undir úrgang við íbúðarhús í þéttbýli sem draga þarf lengra en 10 m að lóðamörkum til losur hirðubíl er sveitarfélaginu heimilt að innheimta skrefagjald eftir gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Strandabyggð.

Húsgögnum, fatnaði, húsbúnaði og öðru nýtanlegu skal koma á þar til greindan móttökustað. Spilliefnum, lyf og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustað.

6. gr.

Frístundahúsnæði.

Húsráðendum frístunda- og sumarhúsa er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur í samræmi við re sveitarfélagsins. Húsráðendur bera ábyrgð á að skila úrgangi á þar til greindan móttökustað.

7. gr.

Atvinnustarfsemi.

Rekstraraðilum fyrirtækja og stofnana jafnt í þéttbýli og dreifbýli er skylt að flokka þann úrgang sem fellur til þeim í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðum settum samkvæmt þeim og samþykkt sveitarfélagsins og skulu standa straum af kostnaði vegna þess samkvæmt gjaldskrá. Rekstraraðilar skulu sjálfir sjá að koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun. Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á ló lengur en nauðsyn getur talist.

Fyrirtæki, stofnanir og rekstraraðilar geta samið við þar til bærar aðila um að annast sorphirðu á þeirra vegum sem hefur eftir atvikum staðfesta skráningu eða starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti mengunarvarnir, til flutnings á úrgangi til förgunarstaðar. Framkvæmdaraðili Strandabyggðar getur tekið að sé annast sorphirðu fyrir fyrirtæki og stofnanir gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá, sbr. 1. mgr. 10. gr. samþykkt þessarar. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Staðsetning sorpílatna fyrir rekstrarúrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar.

Byggingar- og niðurrifsúrgangur skal flokkaður í a.m.k. eftirfarandi flokka: spilliefni, timbur, steinefni, m gler, plast og gifs.

Rekstraraðilar sem eru með starfsemi á hálendi Strandabyggðar skulu sjá um að flokka úrgang og flytja til byg og skila á móttökustöð framkvæmdaraðila sveitarfélagsins á eigin kostnað.

Sveitarfélagið tekur á móti dýrahæjum á urðunarstað í landi Skeljavíkur í þar til gert ílát og sér til þess að fari í viðeigandi förgun. Önnur afhending dýrahæja er óheimil. Enn fremur sér sveitarfélagið um söfnun á rúllup og skulu notendur ganga frá plastinu í samræmi við leiðbeiningar framkvæmdaraðila söfnunar þannig að hún g sem best og að verðmæti rúlluplasts til endurvinnslu sé sem mest.

8. gr.

Skyldur íbúa, húsráðenda, rekstraraðila og landeigenda.

Setja skal úrgang í viðeigandi sorpílát en að öðrum kosti er framkvæmdaraðila söfnunar heimilt að skilja l eftir.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, sorp, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum gangstíg við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslaugar bifreiðar, vélar eða önnur tæki.

9. gr.

Móttöku- og söfnunarstöð og grenndarstöð.

Gámar fyrir almennan úrgang, plast, pappír og pappa, lifúrgang, raftæki, garðaúrgang, grófan úrgang, tim málum og steinefni ásamt svæði fyrir hjólbarda, ökutæki og spilliefni eru staðsettir á móttöku- og söfnunar framkvæmdaraðila Strandabyggðar. Móttöku- og söfnunarstöðin er ætluð undir úrgang frá heimilum, rekstraraði og frístundahúsum. Á móttöku- og söfnunarstöð er gerð krafa um flokkun úrgangs og er notendum skylt að fara þeirri flokkun.

Á grenndarstöð er tekið á móti flokkuðum úrgangi frá íbúum, s.s. málum, gleri og textíl.

10. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn ákvarðar og innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er Strandaby heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi m.a. uppsetningu og rek nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003.

Við ákvörðun gjaldsins skal miðað við magn úrgangs, þ.e. stærð og fjölda sorphirðuílláta, gerð úrga losunartíðni og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélaginu er einnig heimil ákveða fast gjald á fasteignareiningu. Gjald má aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits einstökum þáttum, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1 Sveitarfélagið birtir árlega upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði á vef sínum, sbr. 3. mgr gr. laga nr. 55/2003.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbýli, frístundahús, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangrein þjónustu.

Heimilt er að leggja auka sorpgjöld á lögbýli, fyrirtæki eða stofnanir eftir magni úrgangs frá viðkomandi e samkvæmt samkomulagi við viðkomandi.

Sveitarfélagið skal láta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þess samþykktar.

11. gr.

Brot á samþykktum, kvartanir og kærur.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri skrifstofu Strandabyggðar. Skrifstofa Strandabyggðar vinnur úr kvörtunum sem berast og sendir til Heilbrigðisefti Vestfjarða ef þess er þörf.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal framkvæmdaraðili söfn tilkynna það til skrifstofu Strandabyggðar, sem hvetur húseigandann til að bæta ráð sitt. Bæti húsráðandi ekki úr ir ákveðins tíma er framkvæmdaraðila söfnunar ekki skylt að taka úrgang hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bæti um ítrekað brot að ræða skal skrifstofa Strandabyggðar tilkynna það til heilbrigðisnefndar Vestfjarða sem gera viðeigandi ráðstafanir.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

12. gr.

Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarva sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 68. gr. lag 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

13. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 11. mars 2025, samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8 laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarni staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 27. mars 2025.

F. h. r.

Erla Arnardóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.

VIDAUKI 1